

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005-2025, Stóra-Sandvík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. febrúar 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005-2025, frá 23. mars 2006.

Breytingin felst í því að 5,3 ha landbúnaðarsvæðis í landi Stóru-Sandvíkur (eignarhluti 1B), sunnan Kaldaðarnesvegur og vestan Eyrarbakkavegur breytist í íbúðarsvæði. Gert er ráð fyrir 32 íbúðum í einbýlis- og/eða parhúsum og eru fyrirhugaðar lóðastærðir 1000 til 1400 m². Þéttleiki er 7,5 íbúðir á ha. Aðkoma að svæðinu verður frá Kaldaðarnesvegi.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 2. febrúar 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2007